

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2010/EES/63/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 303/09/COL frá 8. júlí 2009 um styrkjakerfi á sviði sjóflutninga sem er fylgið í reglum um tonnaskatt og reglum um endurgreiðslur vegna áhafna (Ísland)	1
2010/EES/63/02		Ráðstöfun ekki ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins (Noregur)	13
2010/EES/63/03		Ráðstöfun ekki ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins (Noregur)	14
2010/EES/63/04		Ráðstöfun ekki ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins (Noregur)	15
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2010/EES/63/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5996 – Thomas Cook/Travel business of Co-operative Group /Travel business of Midlands Co-operative Society)	16
2010/EES/63/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6007 – Nokia Siemens Network/Motorola Network Business)	17
2010/EES/63/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6036 – Barclays/BPCE/Hexagone France 3) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	18
2010/EES/63/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6057 – Carlyle/CommScope) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	19

2010/EES/63/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6075 – DHC/Vue Entertainment Investment) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	20
2010/EES/63/10	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5879 – Alstom/RZD/Cypriot Companies/TMH).....	21
2010/EES/63/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5936 – EADS DS/Atlas/JV)	21
2010/EES/63/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5959 – Carlyle/NBTY)	22
2010/EES/63/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5963 – Econocom/ECS)	22
2010/EES/63/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5967 – PHL/CSI).....	23
2010/EES/63/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5987 – Zublin/VMT/ITC JV)	23
2010/EES/63/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5990 – Investor/Mölnlycke)	24
2010/EES/63/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6001 – Aker/Lindsay Goldberg/Epax Holding)	24
2010/EES/63/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6008 – IK/GHD)	25
2010/EES/63/19	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6016 – Sun Capital/Divisie Vroom & Dreesmann).	25
2010/EES/63/20	Ríkisaðstoð – Þýskaland – Málsnúmer C 15/09 (áður N 196/09) og N 380/10 – rýmkun á umfangi formlegrar rannsóknar, slitameðferðarstofnun, viðbótarábyrgðir SoFFin til handa HRE: Hypo Real Estate – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	26
2010/EES/63/21	Ríkisaðstoð – Írland – Málsnúmer C 25/2010 (áður N 212/2010) – Endurskipulagning Educational Building Society – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	26
2010/EES/63/22	Ríkisaðstoð – Þýskaland – Málsnúmer C 22/10 (áður N 701/09) – Aðstoð við aðstoðarmenn á sviði nýsköpunarvinnu (rannsóknir og þróun) – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.	27
2010/EES/63/23	Auglýst eftir tillögum – EACEA/27/10 – MEDIA 2007 – Þróun, dreifing, kynning og fræðslustarf – i2i – Átak á sviði hljóð- og myndefnis	28
2010/EES/63/24	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB frá 17. maí 2006 um vélarbúnað og um breytingu á tilskipun 95/16/EB (endursamin).	29

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA
303/09/COL

2010/EES/63/01

frá 8. júlí 2009

um styrkjakerfi á sviði sjóflutninga sem er fylgið í reglum um tonnaskatt og reglum um endurgreiðslur vegna áhafna

(Ísland)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN ⁽¹⁾,

með vísan til samningsins um Evrópskt efnahagssvæði ⁽²⁾, einkum ákvæða 61., 62. og 63. gr. og bókunar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ⁽³⁾, einkum ákvæða 24. gr.,

með vísan til 2. mgr. 1. gr. I. hluta og 4. mgr. 4. gr., 6. gr. og 5. mgr. 7. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól ⁽⁴⁾,

með vísan til leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins ⁽⁵⁾, einkum ákvæða kaflans um ríkisaðstoð á sviði sjóflutninga ⁽⁶⁾,

með vísan til ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA frá 14. júlí 2004 um framkvæmdarákvæði sem um getur í 27. gr. II. hluta bókunar 3 ⁽⁷⁾,

eftir að hafa beint því til hagsmunaaðila að þeir legðu fram athugasemdir í samræmi við ofangreind ákvæði ⁽⁸⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. MÁLSATVIK

1 Málsmeðferð

Í bréfi dagsettu 23. mars 2007 (skjalnr. 415003) tilkynntu stjórnvöld á Íslandi Eftirlitsstofnun EFTA áform um ríkisaðstoð á sviði sjóflutninga, í samræmi við ákvæði 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3.

Í kjölfar ýmissa bréfaskipta ⁽⁹⁾ tilkynnti Eftirlitsstofnun EFTA stjórnvöldum á Íslandi, með bréfi dagsettu 19. desember 2004, að hún hefði ákveðið að hefja rannsókn í samræmi við ákvæði 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 á hinu íslenska styrkjakerfi á sviði sjóflutninga sem er fylgið í reglum um tonnaskatt og reglum um endurgreiðslur vegna áhafna.

⁽¹⁾ [Á ekki við í íslenska textanum.]

⁽²⁾ „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

⁽³⁾ „Samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁴⁾ „Bókun 3“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁵⁾ Leiðbeinandi reglur um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti og gaf út 19. janúar 1994 og birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* (Stjtið. EB eða Stjtið. ESB) í því sem hér fer á eftir) L 231, 3.9.1994, bls. 1, og EES-viðbæti nr. 32, 3.9.1994, bls. 1 „Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð“ í því sem hér fer á eftir. Dagrætt gerð leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð er birt (á ensku) á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/fieldsofwork/fieldstateaid/guidelines>.

⁽⁶⁾ Sá kafli nefnist „leiðbeinandi reglur um sjóflutninga“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁷⁾ Ákvörðun 195/04/COL frá 14. júlí 2004, sem birtist í Stjtið. ESB C 139, 25.5.2006, bls. 57, og EES-viðbæti nr. 26, 25.5.2006, bls. 1, með áorðnum breytingum samkvæmt ákvörðun 319/05/COL frá 14. desember 2005, sem birtist í Stjtið. ESB C 286, 23.11.2006, bls. 9, og EES-viðbæti nr. 57, 23.11.2006, bls. 31.

⁽⁸⁾ Birtist í Stjtið. ESB C 96, 17.4.2008, bls. 37, og EES-viðbæti nr. 20, 17.4.2008, bls. 17).

⁽⁹⁾ Um nánari upplýsingar um bréfaskipti Eftirlitsstofnunar EFTA og stjórnvalda á Íslandi vísast til ákvörðunar stofnunarinnar um að hefja formlega rannsókn, ákvörðunar 721/07/COL, sem birtist í Stjtið. ESB C 93, 17.4.2008, bls. 37, og EES-viðbæti nr. 20, 17.4.2008, bls. 17.

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 721/07/COL um að hefja rannsókn var birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau ⁽¹⁰⁾. Stofnunin leitaði eftir athugasemdum hagsmunaaðila þaraðlútandi.

Eftirlitsstofnun EFTA bærust engar athugasemdir frá hagsmunaaðilum.

2 Lýsing á fyrirhuguðum ráðstöfunum

Í tilkynningunni var lýst tveimur mismunandi ráðstöfunum, þ.e. reglum um tonnaskatt og sérákvæðum um endurgreiðslur til útgerðarfélaga. Lýsing á þessum tveimur ráðstöfunum fylgir hér á eftir.

2.1 Heiti og markmið hinna tilkynntu styrkjakerfa

Styrkjakerfið „*Ríkisstyrkur vegna kaupskipaútgerðar á Íslandi*“ felur í sér báðar hinar tilkynntu ráðstafanir. Markmiðið með kerfinu er að styrkja sjóflutninga á Íslandi með sérstökum ívilnunum í þágu útgerðarfélaga í þeim tilgangi að hvetja þau til að skrá skip sín á Íslandi fremur en að sigla undir hentifána.

2.2 Landslöggið sem liggur til grundvallar hinum tilkynntu ráðstöfunum

Lagagrundvöllur ofangreindra ráðstafana er lög nr. 86/2007 um skattlagningu kaupskipaútgerðar (sem nefnd eru „tonnaskattslögin“ í því sem hér fer á eftir). Lögin voru samþykkt á Alþingi 17. mars 2007 og birt í Stjórnartíðindum 30. mars 2007. Samkvæmt 17. gr. tonnaskattslaganna öðluðust þau gildi 1. janúar 2008.

Tonnaskattslögin verður að skoða í samhengi við lög nr. 38/2007 um íslenska alþjóðlega skipaskrá ⁽¹¹⁾ (skammstöfun skrárinnar er „IIS“) sem öðluðust gildi 1. janúar 2008 ⁽¹²⁾.

2.3 Tonnaskattur

Á Íslandi er almennt tekjuskattshlutfall félaga 15% ⁽¹³⁾. Í tonnaskattslögunum er kveðið á um að í stað þess að almennur 15% tekjuskattur félaga sé lagður beint á hagnað sem verður af skipaútgerð geti útgerðarfélög ákveðið að greiða tonnaskatt sem er hagfelldari og er reiknaður af ætluðum hagnaði sem er ákveðinn sem föst grunnfjárhæð á dag í samræmi við stærð hvers skips. Kjósi útgerðarfélag að lúta áfram almennum reglum um skattlagningu félaga þegar kemur að útreikningi hagnaðar er það einnig heimilt.

Á ætlaðan hagnað, sem er reiknaður sem fast hlutfall af tonnatölu, leggst svo almennur tekjuskattur fyrirtækja.

Samkvæmt reglum um tonnaskatt njóta hlutgeng fyrirtæki því undanþágu frá almennum tekjuskatti af hagnaði sem verður af skipaútgerð að því tilskildu að hagnaðurinn sé ekki greiddur út úr fyrirtækjunum sem falla undir reglurnar. Undanþágan tekur ekki til vaxta, hreins hagnaðar af hlutabréfaviðskiptum eða tekna af annarri starfsemi.

2.1.1 Styrkhæf starfsemi

Aðalstarfsemi

Reglurnar taka til skipa sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá, eru 100 brúttótonn eða stærri og notuð til flutnings á farni eða farþegum milli landa og farmflutninga innan lands. Samkvæmt 3. gr. tonnaskattslaganna getur flutningur á farni eða farþegum átt sér stað með:

⁽¹⁰⁾ Sjá birtingartilvisun í 8. nmgr.

⁽¹¹⁾ Fyrir er íslensk skipaskrá sem tekur til fiskiskipa, seglbáta, ferja o.s.frv., og kemur hin nýja íslenska alþjóðlega skipaskrá ekki í stað hennar. Þessar tvær skrár verða haldnar samhliða.

⁽¹²⁾ Stjórnvöld á Íslandi hafa greint frá því að ríkisstjórn Íslands hafi lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um að fresta gildistöku laga nr. 38/2007 til 1. janúar 2009. Frumvarpið kom fram á þingi 28. nóvember 2007 og var tekið til umræðu 4. desember 2007. Samstaða náðist þó ekki um frumvarpið og kom það aldrei til annarrar umræðu. Bæði lög nr. 86/2007 og lög nr. 38/2007 öðluðust því gildi 1. janúar 2008.

⁽¹³⁾ Þegar reglurnar voru tilkynntar var tekjuskattshlutfall fyrirtækja 18%. Hlutfallið var lækkað í 15% með lögum frá 7. júní 2007 (lögum um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, og lögum nr. 86/2007, um skattlagningu kaupskipaútgerðar).

1. kaupskipum sem útgerðarfélagið á,
2. kaupskipum sem leigð eru án áhafnar (bareboat-charter) eða
3. kaupskipum sem leigð eru með áhöfn (time-charter).

Til kaupskipaútgerðar telst ekki útleiga kaupskips án áhafnar (bareboat-charter) til lengri tíma en þriggja ára. Stjórnvöld á Íslandi hafa tekið fram að engar sérstakar reglur gildi um það hversu stórt hlutfall kaupskipa megi leigja út með áhöfn eða án áhafnar í samanburði við eigin skip útgerðarfélagsins.

Samkvæmt 4. gr. tonnaskattslaganna fellur eftirtalin starfsemi ekki undir skattlagningu samkvæmt lögnum: fiskveiðar, bygging og viðgerð hafna, köfun, lóðsun og björgun, fræðslu- og upplendisstarf eða önnur félagsleg starfsemi, íþrótt-, skemmti- og tómstundastarf, þ.m.t. hvalaskoðun, og farþegasiglingar milli hafna innan lands sem ekki eru áfangar á leið milli landa.

Stjórnvöld á Íslandi hafa staðfest að dráttarstarfsemi og dýpkunarstarfsemi falli ekki undir skattlagningu samkvæmt lögnum.

Hliðarstarfsemi

Í 3. gr. tonnaskattslaganna kemur fram að eftirtalin hliðarstarfsemi fellur undir skattlagningu samkvæmt lögnum:

1. notkun gáma við farmflutninga,
2. rekstur út-, uppskipunar- og viðhaldsaðstöðu,
3. rekstur á miðasölu og farþegasölum,
4. rekstur skrifstofu og stjórnunaraðstöðu,
5. sala á vörum til neyslu um borð í kaupskipi.

2.1.2 *Krafa um skráningu á íslenska alþjóðlega skipaskrá og um fulla skattskyldu*

Í 1. gr. tonnaskattslaganna er að finna eftirfarandi ákvæði:

„Hlutafélög og einkahlutafélög, sem skattskyld eru skv. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og gera út kaupskip sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá (IIS), geta ákveðið að greiða af kaupskipaútgerð sinni skatt samkvæmt lögum þessum í stað tekjuskatts samkvæmt lögum nr. 90/2003.“

Auk kröfunnar sem snýr að hlutgengri starfsemi kemur fram í tonnaskattslögnum að fullnægja verði eftirtöldum tveimur skilyrðum:

- Í fyrsta lagi **verða skipin að vera skráð á íslenska alþjóðlega skipaskrá**. Að áliti stjórnvalda á Íslandi er skráning á IIS ekki svokölluð tenging við þjóðfána. Ekki er krafist beinnar tengingar við þjóðfána Íslands í ströngum skilningi. Í 6. gr. laga nr. 38/2007, um íslenska alþjóðlega skipaskrá, er raunar að finna eftirfarandi ákvæði: *„Kaupskip sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá teljast íslensk skip og hafa rétt til að sigla undir þjóðfána Íslands.“* Stjórnvöld á Íslandi líta því á tengingu við þjóðfána sem réttindi en ekki skilyrði fyrir því að geta nýtt sér reglurnar.

Skip, sem siglir ekki undir íslenskum fána, getur engu að síður fallið undir reglur um tonnaskatt ef það er skráð á íslenska alþjóðlega skipaskrá. Í þessu tilliti er kveðið á um það í 4. gr. sömu laga að skilyrði skráningar sé *„að eigandi kaupskips sé íslenskur ríkisborgari, ríkisborgari annars ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu eða aðildarríkis að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu, Færeyingur eða lögaðili skráður á Íslandi.“*

- Í öðru lagi **verða hlutafélög og einkahlutafélög að vera skattskyld** skv. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt (sem nefnast „tekjuskattslög“ í því sem hér fer á eftir). Samkvæmt því ákvæði er félögum, sem eiga heimili á Íslandi, skylt að greiða tekjuskatt á Íslandi af öllum tekjum sínum (full skattskylda). Lögaðili telst eiga heimili á Íslandi ef hann

er skráður á Íslandi, telur heimili sitt á Íslandi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn þess er á Íslandi. Samkvæmt 3. gr. tekjuskattslaga ber félögum, sem eiga ekki heimili á Íslandi, að greiða skatt af tekjum sem falla til á Íslandi (takmörkuð skattskylda). Stjórnvöld á Íslandi hafa staðfest að félög þurfi ekki að vera skráð sem íslensk fyrirtæki samkvæmt íslenskri félagalöggjöf til þess að falla undir þessar reglur. Fyrirtæki, sem eru skráð samkvæmt félagalöggjöf annars EES-ríkis, geta því nýtt sér reglur um tonnaskatt að því tilskildu að öðrum skilyrðum sé fullnægt.

2.1.3 Ákvörðun skattstofns

Samkvæmt 6. gr. tonnaskattslaganna ákvarðast skattstofn (ætlaður hagnaður) samkvæmt eftirfarandi:

- Til og með 25 000 NT: 30 kr. á hver 100 NT.
- Frá 25 001 NT: 10 kr. á hver 100 NT.

Frá skattstofni heimilast enginn frádráttur.

2.1.4 Álagning samkvæmt tekjuskattslögum og aðgreining í bókhaldi

Í 4. gr. tonnaskattslaganna er kveðið á um að hafi útgerðarfélag jafnframt starfsemi, sem fellur undir reglur um tonnaskatt, aðra starfsemi með höndum skuli tekjur af þeirri starfsemi skattleggjast samkvæmt lögum um tekjuskatt.

Samkvæmt 7. gr. tonnaskattslaganna skal halda tekjum og gjöldum af kaupskipaútgærd aðgreindum frá tekjum og gjöldum af annarri starfsemi í réttu hlutfalli við bókfært verð eigna til nota í kaupskipaútgærd annars vegar og til annarra nota hins vegar.

Samkvæmt 9. gr. tonnaskattslaganna verður útgerðarkostnaður kaupskipa ekki færður til frádráttar þeim tekjum útgerðarinnar sem skattleggjast skulu samkvæmt ákvæðum tekjuskattslaga. Varði kostnaður, annar en fjármagnskostnaður, í senn bæði öflun tekna í kaupskipaútgærd og öflun annarra tekna skal skipta kostnaðinum í réttu hlutfalli við tekjurnar. Varði vaxtagjöld, afföll og gengistöp skv. 49. gr. laga um tekjuskatt í senn öflun tekna í kaupskipaútgærd og öflun annarra tekna skal skipta þeim fjármagnskostnaði í réttu hlutfalli við bókfært verð eigna til nota í kaupskipaútgærd annars vegar og til annarra nota hins vegar. Um kostnað, sem telst varða öflun annarra tekna en af kaupskipaútgærd fer samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt.

Samkvæmt 11. gr. tonnaskattslaganna verður tap af kaupskipaútgærd ekki fært til frádráttar tekjum af annarri starfsemi við álagningu samkvæmt tekjuskattslögum.

2.1.5 Gildistími styrkjakerfisins og lágmarkstími sem skattlagning getur staðið

Stjórnvöld á Íslandi hafa greint frá því að reglurnar, sem tilkynntar hafa verið, eigi að gilda um ótilgreindan tíma en að þau séu reiðubúin að tilkynna þær aftur að tilteknum tíma liðnum samkvæmt samkomulagi við Eftirlitsstofnun EFTA.

Samkvæmt 2. gr. tonnaskattslaganna fela reglurnar um tonnaskatt í sér að skattlagning skuli standa í þrjú ár hið skemmsta. Það merkir að útgerðarfélög, sem ákveða að greiða tonnaskatt, verða að gera það í þrjú ár hið skemmsta.

2.4 Sérákvæði um endurgreiðslu á tekjuskatti af launum áhafna

Stjórnvöld á Íslandi hafa einnig tilkynnt ákvæði um aðstoð vegna launa áhafna, en samkvæmt þeim er heimilt að greiða útgerðarfélögum styrk sem svarar til 90% af réttilega ákvarðaðri fjárhæð tekjuskatts og útsvars af launum áhafna. Til þess að geta átt rétt á styrk verður útgerðarfélagið að vera hlutafélag eða einkahlutafélag með fulla skattskyldu á Íslandi, skipin verða að vera skráð á íslenska alþjóðlega skipaskrá og félagið verður að hafa í vinnu farmenn sem eru skattskyldir á Íslandi.

Ákvæði 16. gr. tonnaskattslaganna hljóða svo:

„Hlutafélög og einkahlutafélög, sem skattskyld eru skv. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og gera út kaupskip, sbr. 3. gr., sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá (IIS), skulu fá styrk sem svarar til 90% af réttilega ákvarðaðri fjárhæð tekjuskatts og útsvars í staðgreiðslu af launum áhafna á viðkomandi kaupskipum, að teknu tilliti til persónuafsláttar og sjómannaafsláttar. Staðgreiðslunni skal að öðru leyti ráðstafað þannig að 5% hennar skulu renna í ríkissjóð og 5% skulu renna til sveitarfélags viðkomandi manns í áhöfn. Ráðstöfun þessi skal koma í stað ráðstöfunar staðgreiðslu og skiptingar samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um tekjuskatt og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Fjármálaráðherra skal í reglugerð kveða á um framkvæmd greiðslna skv. 1. mgr., þar með talið um form styrkumsóknar, greiðslutíma og skuldajöfnun á móti vangreiddum opinberum gjöldum.“

Stjórnvöld á Íslandi hafa staðfest að engin skilyrði séu sett að því er varðar áhafnarmenn að öðru leyti en því að þeir séu starfsmenn útgerðarfélags kaupskipa og skattskyldir á Íslandi. Endurgreiðslur taka eingöngu til tekjuskatts og útsvars af launum áhafna. Tryggingagjald er ekki endurgreitt. Þá hafa stjórnvöld á Íslandi staðfest að íslenskt ríkisfang skiptir ekki máli í þessu tilliti. Farmaðurinn þarf ekki að vera búsettur á Íslandi til þess að útgerðarfélagið öðlist rétt til styrks.

2.5 Viðtakendur aðstoðar, fjárveiting, gildistími og gildistaka hinna tilkynntu ráðstafana

Stjórnvöld á Íslandi hafa ekki lagt fram neinar nákvæmar tölur sem sýni hversu mikið tekjur ríkisins muni skerðast vegna álagningar samkvæmt reglum um tonnaskatt í samanburði við þær skatttekjur sem innheimst hefðu með álagningu almenns tekjuskatts fyrirtækja.

Stjórnvöld á Íslandi hafa bent á að kostnaður vegna hinna tilkynntu ráðstafana fari eftir því hversu mörg skip verði skráð á íslenska alþjóðlega skipaskrá (IIS). Þau töldu sennilegt að 12 skip yrðu skráð og að greiddur tonnaskattur af þeim yrði að meðaltali ISK 120 000. Innheimtur tonnaskattur yrði þá ISK 1 440 000. Í bráðabirgðamatinu kemur hins vegar ekki fram hversu háir almennur tekjuskattur hefði verið greiddur að öðrum kosti vegna þessara 12 skipa.

Stjórnvöld á Íslandi hafa greint frá því að engin ósk um skráningu á íslenska alþjóðlega skipaskrá hafi borist.

Stjórnvöld á Íslandi hafa ekki takmarkað gildistíma reglnanna.

2.6 Uppsöfnunaráhrif

Í 11. mgr. leiðbeinandi reglna um sjóflutninga kemur fram að mesta aðstoð, sem unnt sé að heimila, sé niðurfelling að fullu á sköttum og almannatryggingagjöldum farmanna og lækkun á tekjuskatti félaga vegna skiparekstrar í samræmi við kerfi er þegar hafi verið samþykkt í öðrum EES-ríkjum. Til þess að ekki komi til röskunar á samkeppni mega önnur kerfi ekki fela í sér meiri aðstoð en sem þessu nemur. Aðstoðin má hvað sem öðru líður ekki verða hærri en sem nemur heildarálagningu skatta og almannatryggingagjalda vegna skiparekstrar og á farmenn.

Stjórnvöld á Íslandi hafa staðfest að íslensk skattfyrirvöld muni fylgjast með uppsöfnunaráhrifum milli þessara tvennra reglna og annarra stuðningsráðstafana og að hæstu leyfileg aðstoðarhlutföll verði virt.

2.7 Upplýsingar um vænt þjóðhagsleg áhrif á sjóflutningageirann

Stjórnvöld á Íslandi létu fara fram hagkvæmnigreiningu, í samræmi við ákvæði 2. mgr. 12. undirkafla í leiðbeinandi reglum um sjóflutninga, til þess að gera grein fyrir þjóðhagslegum ávinningi af skattareglunum sem þau tilkynntu. Í greiningunni kemur fram að torvelt sé að segja fyrir um efnahagsáhrif tonnaskattslaganna, þar eð þau muni fara eftir því hversu mörg skip verði skráð á íslenska alþjóðlega skipaskrá. Að því er varðar áætlun um hversu mörg störf gætu orðið til eða haldist meta stjórnvöld á Íslandi áhrifin af stuðningsráðstöfununum báðum svo að næstu sex ár muni 200 farmenn verða nýráðnir á kaupskipum sem falla undir reglurnar.

3 Athugunarefni í ákvörðuninni um að hefja rannsókn

Hinn 19. desember 2007 ákvað Eftirlitsstofnun EFTA að hefja formlega rannsókn á fyrirhuguðu styrkjakerfi stjórnvalda á Íslandi á sviði sjóflutninga sem var fólgið í reglum um tonnaskatt og reglum um endurgreiðslur vegna áhafna ⁽¹⁴⁾.

Í ákvörðuninni um að hefja rannsókn lýsti Eftirlitsstofnun EFTA efasemdum í tengslum við tonnaskattkerfið, annars vegar að því er varðaði kröfuna um skráningu skipa á íslenska alþjóðlega skipaskrá, en hún útilokar að skip, sem eru skráð í öðrum EES-ríkjum, geti fallið undir skattareglurnar, og hins vegar að því er varðaði kröfuna um fulla skattskyldu, en hún útilokar að starfsemi, sem býr við takmarkaða skattskyldu, geti fallið undir ákvæði tonnaskattslaganna.

Önnur athugunarefni, sem Eftirlitsstofnun EFTA tilgreindi, vörðuðu þá kröfu að lögaðilar þyrftu að vera skráðir á Íslandi til þess að geta nýtt sér skráningu á íslenska alþjóðlega skipaskrá, meðferð skipaumsýslufyrirtækja, ákvörðun skattstofns og lágmarkstímamann sem skattlagning skipafélags samkvæmt kerfinu getur staðið („binditímamann“).

Að því er varðar reglur um endurgreiðslur vegna farmanna lýsti Eftirlitsstofnun EFTA efasemdum í tengslum við kröfuna um skráningu á íslenska alþjóðlega skipaskrá og fulla skattskyldu. Að því er varðaði áætlunarferðir með farþega milli hafna á Evrópska efnahagssvæðinu hafði stofnunin einnig efasemdir um að aðstoðin yrði eingöngu veitt til að ráða farmenn af efnahagssvæðinu.

4 Athugasemdir stjórnvalda á Íslandi

Stjórnvöld á Íslandi hafa með bréfi dagsettu 15. febrúar 2008 sent Eftirlitsstofnun EFTA nokkrar athugasemdir um bæði reglur um tonnaskatt og reglur um endurgreiðslur vegna farmanna (skjalnr. 465550).

Athugasemdir stjórnvalda á Íslandi voru sem hér segir:

- Ekkert skipafélag hefur óskað eftir skráningu á íslenska alþjóðlega skipaskrá.
- Til þess að félög geti verið styrkhæf verða þau að bera skattskyldu á Íslandi, en þau þurfa ekki að vera skráð sem íslensk félög samkvæmt íslenskum félagarétti.
- Engar sérstakar reglur gilda um hlutfall skipa sem eru í eigu skipafélagsins og skipa sem eru leigð með áhöfn.
- Óheimilt er að skrá á íslenska alþjóðlega skipaskrá skip í eigu lögaðila í öðrum EES-ríkjum sem bera takmarkaða skattskyldu á Íslandi.
- Í 3. gr. tonnaskattslaganna kemur fram að skattlagning samkvæmt lögunum taki til útgerðar allra kaupskipa sem uppfylla skilyrði til skráningar á íslenska alþjóðlega skipaskrá. Þegar félag ákveður að greiða skatt samkvæmt reglum um tonnaskatt samþykkir það að láta öll styrkhæf skip í sinni eigu og alla starfsemi, sem tengist rekstri þeirra, falla undir tonnaskattslögin (svonefnd allt-eða-ekkert-regla).
- skatthlutföll: Stjórnvöld á Íslandi hafa haldið því fram að skatthlutföll samkvæmt reglum um tonnaskatt séu svipuð þeim sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti í þeim norsku tonnaskattskerfum sem samþykkt hafa verið.
- Gildistími reglnanna: Stjórnvöld á Íslandi hafa gefið til kynna að þau séu reiðubúin að tilkynna reglurnar aftur að tilteknum tíma liðnum samkvæmt samkomulagi við Eftirlitsstofnun EFTA.
- Uppsöfnunaráhrif: Stjórnvöld á Íslandi hafa gefið til kynna að þau muni tryggja að farið sé að reglum um uppsöfnunaráhrif.

Stjórnvöld á Íslandi sendu engar athugasemdir um lengd binditímans.

⁽¹⁴⁾ Um ítarlega greiningu á atriðum sem Eftirlitsstofnun EFTA taldi að þyrftu athugunar við, sjá ákvörðun 721/07/COL, 3. undirkafla.

II. MAT

1 Er um ríkisaðstoð að ræða?

1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóðar svo:

„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“

Hér á eftir verður farið yfir einstök viðmið sem þarna eru nefnd.

1.1 Er gengið á ríkisfjármuni?

Aðstoðarráðstöfunin verður að vera á vegum ríkisins eða fela í sér nýtingu ríkisfjármuna.

Innheimta tonnaskatts, sem miðast við lægra skatthlutfall en almennur tekjuskattur fyrirtækja, leiðir til minni tekna fyrir ríkið. Reglurnar, sem lúta að farmönnum, fela í sér hliðstæðan samdrátt í tekjum ríkisins þar eð ríkið veitir skipafélögum beina styrki sem svara til 90% af þeirri fjárhæð tekjuskatts sem farmanni hefði verið skylt að greiða og skipafélagið hefði borið kostnaðinn af. Þessar tvennar reglur leiða til þess að ríkið verður af skatttekjum sem það hefði fengið frá hlutaðeigandi fyrirtækjum að öðrum kosti. Þeir fjármunir eru því ekki til ráðstöfunar, en það þýðir að ganga þarf á ríkisfjármuni til að standa undir útgjöldum sem að jafnaði eru greidd af fjármunum fyrirtækja ⁽¹⁵⁾. Lækkun skatttekna jafngildir því að gengið sé á ríkisfjármuni með útgjaldaaukningu ⁽¹⁶⁾.

1.2 Er ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara ívilnað?

Báðar ráðstafanirnar færa skipafélögum hagræði gegnum styrki og skattaívilnanir. Ráðstafanirnar eru bundnar við siglingageirann og ívilna því aðeins vissum fyrirtækjum. Því verður að líta á þær sem sértækar í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins ⁽¹⁷⁾.

1.3 Samkeppnisröskun og áhrif á viðskipti milli aðila að EES-samningnum

Ráðstöfunin verður að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðila EES-samningsins.

Skipafélög, sem nýta sér reglurnar, stunda atvinnustarfsemi í samkeppni við skipafélög/fyrirtæki í öðrum EES-ríkjum. Tonnaskatturinn og reglurnar um endurgreiðslur vegna farmanna styrkja stöðu skipafélaganna gagnvart keppinautum á Evrópska efnahagssvæðinu og milli Íslands annars vegar og annarra EES-ríkja og ríkja utan efnahagssvæðisins hins vegar. Ráðstafanirnar hafa því áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna.

1.4 Niðurstaða

Af þessum sökum lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að hinar tilkynntu stuðningsráðstafanir (reglur um tonnaskatt og reglur um endurgreiðslur vegna farmanna) hafi í för með sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Í leiðbeinandi reglum um sjóflutninga er eftirfarandi raunar sérstaklega tekið fram: *„Þessar skattaívilnanir taka með sérstökum hætti til skipafélaga og teljast ríkisaðstoð. Kerfið, sem fylgdi er í því að láta tonnatöluskatt koma í stað almenns tekjuskatts félaga, felur einnig í sér ríkisaðstoð.“*

⁽¹⁵⁾ Mál C-156/98 *Þýska ríkið gegn framkvæmdastjórn*, [2000] ECR I-6857, 26. mgr.

⁽¹⁶⁾ Sjá m.a. 3. mgr. 3. undirkafla í kaflanum um beitingu reglna um ríkisaðstoð gagnvart ráðstöfunum varðandi beina skattlagningu fyrirtækja í leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð.

⁽¹⁷⁾ Mál C-75/97 *Belgíska ríkið gegn framkvæmdastjórn* [1999] ECR I-3671, 33. mgr.

2 Málsmæðferð

Eftirfarandi ákvæði er að finna í 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3: „Tilkynna skal [E]ftirlitsstofnun EFTA um áætlanir um að veita eða breyta aðstoð þannig að henni gefist nægur tími til athugasemda. (...) Hlutadeigandi ríki skal ekki gera fyrirhugaðar ráðstafanir fyrir en endanleg niðurstaða liggur fyrir.“

Með því að leggja fram tilkynningu um stuðningsráðstafanirnar tvær, en sú tilkynning barst í bréfi fastanefndar Íslands gagnvart Evrópusambandinu dagsettu 23. mars 2007 (skjalnr. 415003), hafa stjórnvöld á Íslandi fullnægt tilkynningarkvöðinni.

Hins vegar komu stjórnvöld á Íslandi hinum tilkynntu ráðstöfunum í framkvæmd áður en Eftirlitsstofnun EFTA hafði tekið endanlega ákvörðun um þær. Það er því niðurstaða stofnunarinnar að stjórnvöld á Íslandi hafi ekki virt skuldbindingar sínar samkvæmt 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3.

3 Samrýmist aðstoðin samkeppnisreglum?

Samkvæmt ákvæðum stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins getur aðstoð til að greiða fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins talist samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins, enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum. Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að lagagrundvöll mats á því, hvort hinar tilkynntu ráðstafanir samrýmist gildandi reglum, sé að finna í stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins og leiðbeinandi reglum um sjóflutninga.

Í leiðbeinandi reglum um sjóflutninga, 4. mgr. stafl. c) í undirkafla 1.2, kemur fram að stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum sé heimilt að styðja fyrirtæki í sjóflutningageiranum: „*Órjúfanleg bönd eru milli siglingagreina og sjóflutninga. Þessi tengsl mynda sterk rök fyrir því að grípa til afgerandi ráðstafana til að viðhalda flota á vegum skipaútgerða á Evrópska efnahagssvæðinu. Þar eð sjóflutningar eru einn hlekkjanna í keðju flutningastarfsemi almennt og keðju siglingagreina sérstaklega hafa ráðstafanir, sem gerðar eru til að viðhalda samkeppnishæfni skipastóls Evrópuríkja, einnig áhrif á fjárfestingar í atvinnugreinum í landi sem tengjast sjóflutningum og á þýðingu sjóflutninga fyrir atvinnulíf Evrópska efnahagssvæðisins í heild og fyrir vinnumarkaðinn.*“

Ráðstafanirnar tvær, sem tilkynntar hafa verið, varða rekstraraðstoð, þ.e. aðstoð sem ætlað er að losa fyrirtæki við útgjöld sem það þyrfti að öðrum kosti að standa undir í daglegri framkvæmd reglulegrar starfsemi sinnar. Rekstraraðstoð ber að jafnaði ekki að leyfa nema skýra heimild til hennar sé að finna í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð. Í leiðbeinandi reglum stofnunarinnar um sjóflutninga eru ákvæði sem heimila að veitt sé rekstraraðstoð í mynd tonnaskatts (sjá undirkafla 3.1) og í mynd lækkunar á launatengdum gjöldum (sjá undirkafla 3.2).

Eftirlitsstofnun EFTA hefur í greiningu sinni farið yfir skilyrði sem lúta bæði að tonnaskatti og endurgreiðslum vegna farmanna (3.1) og síðan skilyrði sem lúta sérstaklega annaðhvort að tonna-skatti (3.2) eða að endurgreiðslum vegna farmanna (3.3).

3.1 Skilyrði sem lúta bæði að tonnaskatti og endurgreiðslum vegna farmanna: skip sé skráð á íslenska alþjóðlega skipaskrá, og þannig eru útilokuð skip sem eru skráð í öðrum EES-ríkjum

Með því skilyrði 1. greinar tonnaskattslaga, að skip verði að vera skráð á íslenska alþjóðlega skipaskrá til þess að geta nýtt sér reglur um tonnaskatt, eru útilokuð öll skip sem eru ekki skráð á Íslandi. Þessi takmörkun gildir jafnvel þótt rekstur slíkra skipa sé skattskyldur á Íslandi. Skipafélag, sem gerir út tvö skip, eitt sem skráð er á íslenska alþjóðlega skipaskrá og annað sem skráð er í öðru EES-ríki, getur verið skattskyld á Íslandi vegna hagnaðar sem myndast af rekstri beggja skipanna⁽¹⁸⁾. Hins vegar getur aðeins það skipanna, sem er skráð á íslenska alþjóðlega skipaskrá, notið reglnanna um tonnaskatt.

⁽¹⁸⁾ Þegar tvísköttunarsamningur er fyrir hendi fellur rétturinn til skattlagningar venjulega til ríkisins þaðan sem eiginlegri stjórnun viðkomandi fyrirtækis er sinnt, að meðtalinni stjórnun á starfsemi í öðrum EES-ríkjum á vegum starfstöðvar e.þ.h. Í dæminu, sem nefnt er hér á undan, væri fyrirtæki með fast aðsetur á Íslandi þannig skattskyldt á Íslandi, og þá einnig vegna tekna af starfsemi utan Íslands. Engu að síður gæti fyrirtækið aðeins nýtt sér reglur um tonnaskatt vegna hagnaðar af því skipanna sem skráð er á íslenska alþjóðlega skipaskrá. Hagnaður af rekstri hins skipsins yrði skattlagður samkvæmt almennum skattareglum fyrirtækja. Stjórnvöld á Íslandi hafa staðfest þennan skilning.

Viðtekið er, að þótt beinir skattar heyri undir lögsögu einstakra EES-ríkja verða þau engu að síður að beita þeirri lögsögu í samræmi við ákvæði EES-réttar⁽¹⁹⁾. Staðfesturéttur felur meðal annars í sér rétt ríkisborgara EES-ríkis og lögaðila sem hafa fast aðsetur í því ríki að stofna og reka fyrirtæki í öðru EES-ríki samkvæmt þeim skilmálum sem kveðið er á um í lögum gistiríkisins að því er varðar eigin ríkisborgara og eigin fyrirtæki þess ríkis. Afnáam hafta á staðfesturétti varðar einnig takmarkanir á því að setja á stofn skrifstofur, útibú og dótturfélög⁽²⁰⁾. Þá tekur bann við því að setja staðfesturétti höft einnig til skattareglna⁽²¹⁾. Undir þetta fellur því einnig réttur fyrirtækis, sem hefur staðfestu í einu EES-ríki, og jafnframt höfuðstöðvar, skráð aðsetur, yfirstjórn eða helstu starfstöð einhvers staðar á Evrópska efnahagssvæðinu, til að stunda starfsemi sína í öðru EES-ríki gegnum útibú eða skrifstofu og njóta þar sömu skattalegrar meðferðar og fyrirtæki sem hafa staðfestu í því ríki. Ef munur er á skattalegri meðferð getur það því aðeins verið samrýmanlegt ákvæðum EES-samningsins að aðstæður séu ekki sambærilegar í hlutlægum skilningi, eða að unnt sé að réttlæta þann mun með vísan til brýnna almannahagsmuna⁽²²⁾.

Skráning skips getur verið ígildi staðfestu ef skipið er notað í tengslum við atvinnustarfsemi sem felur í sér fast aðsetur. Hömlur á skráningu skipa í öðrum EES-ríkjum geta því verið andstæðar staðfesturétti samkvæmt 31. gr. EES-samningsins⁽²³⁾.

Eins og lýst hefur verið hér á undan nýtur skipafélag, sem er að fullu skattskyldt á Íslandi og gerir út kaupskip sem skráð eru í öðru EES-ríki, óhagfelldari skattameðferðar en skipafélag sem er að fullu skattskyldt á Íslandi og gerir út kaupskip sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá. Þessi munur á meðferð felur í sér hömlur á staðfesturétti þar eð hann letur skipafélög þess að hafa skip skráð í öðrum EES-ríkjum.

Stjórnvöld á Íslandi hafa ekki lagt fram neinar sannfærandi brýnar ástæður er varði almannahagsmuni og réttlætt gættu slíkar hömlur á staðfesturétti skipafélaga í öðrum EES-ríkjum. Þá hefur Eftirlitsstofnun EFTA ekki komið auga á nokkur rök fyrir því að nauðsynlegt sé að viðhalda hömlum á staðfesturétti af þessu tagi til þess að ná markmiðunum að baki reglunum um tonnaskatt, en þau eru að bæta samkeppnisskilyrði íslenskra skipafélaga í samanburði við skilyrði á atvinnusvæðum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Eftirlitsstofnun EFTA lítur ennfremur svo á að skilyrðið um skráningu á Íslandi sé ósamrýmanlegt ákvæðum 7. mgr. undirkafla 3.1 í leiðbeinandi reglum um sjóflutninga, en þar kemur fram að skattaivilnun skuli binda við skip sem sigli „undir fána EES-ríkis“. Í leiðbeinandi reglum um sjóflutninga kemur fram að reglur af þessu tagi hafi þann tilgang „að auka samkeppnishæfni skipastóls EES-ríkjanna á sjóflutningamarkaði heimsins“. Orðalagið „EES-ríki“, eins og túlka má það með vísan til þessa markmiðs, styður ekki að sett sé skilyrði um skráningu í því tiltekna EES-ríki sem veitir aðstoðina. Öllu heldur styður það þá afstöðu að rétta viðmiðið sé skráning í hvaða EES-ríki sem vera skal⁽²⁴⁾.

Stjórnvöld á Íslandi hafa lagt fram þau rök að þau krefjist ekki þess sem þau kalla „tenging við þjóðfána“ þar eð hvert skip, sem skráð er á íslenska alþjóðlega skipaskrá, geti eftir sem áður siglt undir öðrum fána. Eins og þegar hefur verið greint frá í undirkafla 2.3.2 kemur fram í 6. gr. laga nr. 38/2007 um íslenska alþjóðlega skipaskrá að kaupskip, sem er skráð á íslenska alþjóðlega skipaskrá, teljist íslenskt skip óháð því hvort það sigli undir þjóðfána Íslands.

Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að rökin, sem snúa að því að skipafélögum sé frjálst hvort þau nota þjóðfána Íslands, skipti ekki máli þar eð ofangreindar hömlur á staðfesturétti stafa af skráningarskilyrðinu. Jafnvel þótt skipafélagi sé frjálst að nota annan þjóðfána en hinn íslenska er því skylt að skrá skip sín á íslenska alþjóðlega skipaskrá til þess að njóta góðs af reglunum um tonnaskatt. Þrátt fyrir óskir stofnunarinnar hafa stjórnvöld á Íslandi ekki lagt fram nein rök því til stuðnings að skilyrði um tvöfalda skráningu af þessu tagi sé nauðsynlegt og hæfilega strangt til þess að styrkja markmiðin að baki reglunum um tonnaskatt.

⁽¹⁹⁾ Mál E-6/98 *Norska ríkið gegn Eftirlitsstofnun EFTA* 1999 Skýrsla EFTA-dómstólsins, bls. 74, 34. mgr., Mál E-1/04 *Fokus Bank* [2004] Skýrsla EFTA-dómstólsins, bls. 11, 20. mgr.

⁽²⁰⁾ Sjá til dæmis mál C-270/83 *Framkvæmdastjórn gegn franska ríkinu* [1986] ECR 273, 13. mgr., og mál C-311/97 *Royal Bank of Scotland* [1999] ECR I-2651, 22. mgr.

⁽²¹⁾ Mál C-471/04 *Keller Holding* [2006] ECR I-2017, 49. mgr.

⁽²²⁾ Mál C-270/83 *Framkvæmdastjórn gegn franska ríkinu* [1986] ECR 273, 13. mgr., mál C-311/97 *Royal Bank of Scotland*, sbr. ofangreinda tilvísun, 23.–31. mgr., og mál C-253/03 *CLT-UFA SA* [2006] ECR I-1831, 14.–17. mgr.

⁽²³⁾ Mál C-221/89 *Factortame Ltd. o.fl.* [1991] ECR I-3905, 22.–23. mgr.

⁽²⁴⁾ Þannig var niðurstaðan í ákvörðun 755/08/COL frá 3. desember 2008, en í reglunum, sem þar voru til meðferðar, var að finna kröfu um að skip skyldu sigla undir fána eins EES-ríkjanna.

Niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA er því á þá leið að krafan um skráningu sé ekki samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins, nánar tiltekið staðfesturéttinum sem kveðið er á um í 31. gr. samningsins, og sé því ekki unnt að heimila hana með vísan til ríkisaðstoðarreglna Evrópska efnahagssvæðisins.

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, telur Eftirlitsstofnun EFTA óþarft að taka til nákvæmrar greiningar þær efasemdir, sem hún vakti máls á í ákvörðun 721/07/COL, og varðaði skilyrðið um að félag yrði að bera fulla skattskyldu til þess að geta nýtt sér reglur um tonnaskatt og reglur um endurgreiðslur vegna farmanna. Hvað sem öðru líður, og eins og þegar hefur verið bent á í 18. nmgr., valda tvísköttunarsamningar EES-ríkjanna því að starfsemi skipafélaga er venjulega skattlögð í ríkinu þaðan sem eiginlegri stjórnun viðkomandi fyrirtækis er sinnt. Skipafélög, sem hafa staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu og bera takmarkaða skattskyldu á Íslandi, greiða því að jafnaði aðeins skatt í því EES-ríki þar sem þau hafa staðfestu.

3.2 Skilyrði sem lúta sérstaklega að tonnaskatti

3.2.1 Ákvörðun skattstofns

Í 18. mgr. undirkafla 3.1 í leiðbeinandi reglum um sjóflutninga kemur fram að framkvæmdastjórnin muni aðeins samþykkja kerfi sem feli í sér að skattbyrði af sömu tonnatölu verði „í góðu samræmi við kerfi er þegar hafa verið samþykkt. *Reynsla eftirlitsstofnunarinnar hefur sýnt að í stað þess að reikna sýndarhagnað og venjulegan tekjuskatt félaga af honum fara sum ríki þá leið að ákveða sérstakt álagningarhlutfall fyrir tonnatöluskatt. Eftirlitsstofnunin mun á sama hátt leitast við að viðhalda sanngjörnu jafnvægi gagnvart kerfum sem þegar hafa verið samþykkt.*“

Eftirlitsstofnun EFTA hefur borið álagningarhlutföllin, sem stjórnvöld á Íslandi hafa tilkynnt, saman við álagningarhlutföll samkvæmt reglum sem samþykktar hafa verið í öðrum EES-ríkjum:

Ísland	Danmörk	Litháen	Ítalía	Noregur (*)
Allt að 25 000 NT 30 kr. (0,17 evrur) á hver 100 NT	Allt að 1 000 NT 0,90 evrur á hver 100 NT	Allt að 1 000 NT 0,93 evrur á hver 100 NT	Allt að 1 000 NT 0,90 evrur á hver 100 NT	Enginn skattur á fyrstu 1 000 NT
	Frá 1 001 NT til 10 000 NT 0,70 evrur á hver 100 NT	Frá 1 001 NT til 10 000 NT 0,67 evrur á hver 100 NT	Frá 1 001 NT til 10 000 NT 0,70 evrur á hver 100 NT	Frá 1 001 NT til 10 000 NT 0,22 evrur á hver 100 NT
	Frá 10 001 NT til 25 000 NT 0,40 evrur á hver 100 NT	Frá 10 001 NT til 25 000 NT 0,43 evrur á hver 100 NT	Frá 10 001 NT til 25 000 NT 0,40 evrur á hver 100 NT	Frá 10 001 NT til 25 000 NT 0,15 evrur á hver 100 NT
Meira en 25 000 NT 10 kr. (0,06 evrur) á hver 100 NT	Meira en 25 000 NT 0,30 evrur á hver 100 NT	Meira en 25 000 NT 0,27 evrur á hver 100 NT	Meira en 25 000 NT 0,20 evrur á hver 100 NT	Meira en 25 000 NT 0,07 evrur á hver 100 NT

Allar tölurnar miðast við álagningu á dag.

(*) Í Noregi er enginn ætlaður hagnaður reiknaður. Tonnaskatturinn er reiknaður beint með því að margfalda álagningarhlutföllin með raunverulegri tonnatölu. Tölur fyrir Ísland, Danmörku, Litháen og Ítalíu miðast við álagningu á ætlaðan hagnað samkvæmt almennu tekjuskattshlutfalli fyrirtækja. Þótt álagningarhlutföllin í Noregi og á Íslandi virðist mjög svipuð verða skattgreiðslur skipafélagsins þess vegna mjög miháar í raun. Þannig má nefna að skipafélag, sem gerir út skip sem eru alls 30 000 NT, myndi greiða tonnaskatt að fjárhæð h.u.b. 46 evrur í Noregi og h.u.b. 7 evrur á Íslandi (1).

(1) Sjá frekar ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um hinar norsku reglur um tonnaskatt, ákvörðun 755/08/COL frá 3. desember 2008.

Eins og sjá má af ofanbirtri töflu miðast framkvæmd íslensku reglnanna við miklu lægri skattstofn en tíðkast í hinum fjórum EES-ríkjunum (25).

Framkvæmdastjórnin hefur aðeins samþykkt lægri álagningarhlutföll við mjög sérstakar aðstæður (26). Stjórnvöld á Íslandi hafa ekki látið Eftirlitsstofnun EFTA í té neinar upplýsingar um óvenjulegar aðstæður sem gætu verið gild ástæða fyrir því að beita lægri álagningu.

(25) Álagningarhlutföllin, sem hér eru tilgreind, eru þau sem giltu um það leyti sem ákvörðunin var samþykkt; þau endurspeglar núverandi gengi gjaldmiðla. Eftirlitsstofnun EFTA telur engu að síður að skattlagning samkvæmt íslensku reglum hafi ekki verið í samræmi við álagningarhlutföllin í hinum EES-ríkjunum, jafnvel áður en fjármálakreppan veikti íslensku krónuna, sbr. ákvörðun 721/07/COL.

(26) Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. júní 2004 um ýmsar skattarástafanir sem stjórnvöld í Belgíu hyggjast koma í framkvæmd á sviði sjóflutninga, Stjtið. ESB L 150, 10.6.2005, bls. 1. Stjórnvöld í Belgíu vildu bjóða lægri álagningu vegna stærra skipa sem fyrirhugað var að endurskrá undir nýjum fána. Í þessu belgíska máli áttu skip yfir 40 000 tonnum að njóta afsláttar af álagningu, og var það samþykkt að því tilskildu að skipið væri nýtt eða hefði verið skráð undir þjóðfána ríkis utan Evrópska efnahagssvæðisins næstu fimm ár áður en það væri skráð í belgíska kerfið. Framkvæmdastjórnin taldi það að athuga við þennan mismun á álagningu að litlar skattgreiðslur gætu raskað samkeppni ef þær yrðu til þess að hvetja skipafélög utan Belgíu til þess að flytja skip sín af skipaskrá í EB-ríki yfir á belgísku skipaskrána.

Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að skattlagning samkvæmt íslensku reglunum sé ekki í samræmi við álagningarhlutföll í hinum EES-rikinum, enda er hún miklu lægri en þar og því ekki í samræmi við ákvæði 18. mgr. undirkafla 3.1 í leiðbeinandi reglum um sjóflutninga.

3.2.2 *Lágmarkstími sem skipafélag lýtur reglum um tonnaskatt*

Skipafélag, sem kys að greiða tonnaskatt, verður að gera það að minnsta kosti um þriggja ára skeið.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur tekið þá afstöðu að slíkur binditími skuli vera tíu ár í EFTA-rikinum ⁽²⁷⁾.

Nálgun Eftirlitsstofnun EFTA er í samræmi við ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar. Lágmarks lengd þessa tímabils í reglum annarra Evrópusambandsríkja um tonnaskatt, sem samþykkt hafa verið, er tíu ár. Framkvæmdastjórnin leggur áherslu á að með því að heimila ólík viðmið í mismunandi reglum um tonnaskatt skapast sú hætta að sum félög njóti ósamgjarnrar ívilunar og að samkeppni myndist milli aðildarríkjana í tengslum við reglur um tonnaskatt. Af þeim sökum lýsti framkvæmdastjórnin efasemdum um pólskar reglur um tonnaskatt sem gerðu ráð fyrir fimm ára binditíma, og benti á að þetta gæti leitt til skaðlegs misræmis milli reglna um tonnaskatt og gert pólska skattkerfið álitalegra og þannig leitt til endurskráningar skipa innan Evrópubandalagsins ⁽²⁸⁾.

Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að þetta atriði reglnanna, sem tilkynntar hafa verið, sé ósamrýmanlegt ákvæðum 61. gr. EES-samningsins.

3.2.3 *Meðferð skipaumsýslufyrirtækja*

Í ákvörðun 755/08/COL lét Eftirlitsstofnun EFTA þess getið að vafi léki á því hvort reglurnar, sem tilkynntar höfðu verið, samrýmdust framkvæmd EES-samningsins að því er varðaði meðferð skipaumsýslufyrirtækja.

Stjórnvöld á Íslandi hafa ekki látið Eftirlitsstofnun EFTA í té neinar upplýsingar sem gætu orðið til þess að eyða þessum vafa.

